

## FUNDARGERÐ

Árið 2018, miðvikudaginn 19. desember kl. 15:00, kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til fundar í Sölvhólsvör á 1. hæð í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, Sölvhólsgötu 7 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Guðný Sverrisdóttir, formaður, nefndarmennirnir Ásgerður Gylfadóttir, Birgir Björn Sigurjónsson, Bjarni Jónsson, Karen E. Halldórsdóttir, Sigríður Huld Jónsdóttir og Valdimar O. Hermannsson ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Guðna Geir Einarssyni, Gústav Aron Gústavssyni sem ritaði fundargerð og Hrafnkeli Hjörleifssyni.

Að auki sat fundinn Hermann Sæmundsson skrifstofustjóri undir 9. lið.

Gengið var til dagskrár.

### 1. Fundargerð 30. nóvember 2018

Lögð var fram fundargerð frá 30. nóvember 2018 til umfjöllunar og afgreiðslu.

*Fundargerð frá 30. nóvember 2018 var samþykkt án athugasemda og undirrituð.*

### 2. Greiðslu- og rekstraráætlun 2018

Lögð voru fram til kynningar uppfærð drög að greiðslu- og rekstraráætlun fyrir árið 2018 á grundvelli upplýsinga um áætlaðar tekjur ríkis og sveitarfélaga. Gert er ráð fyrir að áætlaðar skatttekjur ríkissjóðs verði 747 ma.kr. og að áætlaður álagningarstofn útsvars vegna tekna 2017 verði 1.427 ma.kr.

*Drög að greiðslu- og rekstraráætlun 2018 samþykkt án athugasemda.*

### 3. Jöfnun á tekjutapi vegna fasteignaskatts

#### Uppgjör framlaganna

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að endanlegu framlagi til jöfnunar á tekjutapi vegna fasteignaskatts fyrir árið 2018.

Á fundi ráðgjafarnefndar þann 19. júní sl. var samþykkt áætlað uppgjör fyrir framlög til jöfnunar á tekjutapi sveitarfélaga vegna fasteignaskatts fyrir árið 2018. Lagt er til að teknu tilliti til ráðstöfunarfjármagns að hækka framlagið úr 4.745 m.kr. í 4.808 m.kr. fyrir árið 2018. Samkvæmt útreikningi nemur fjárþörf sveitarfélaga fyrir framlög á grundvelli reglugerðar nr. 80/2001 með síðari breytingum á árinu 2018 samtals um 7.299 m.kr. Úthlutað framlag 2018 nemur því um 65,9% af útreiknaðri heildarfjárþörf sveitarfélaga.

*Nefndin samþykkir án athugasemda að hækka framlag til jöfnunar á tekjutapi vegna fasteignaskatts um 63 m.kr. og nemur því framlagið samtals 4.807.574.814 kr. á árinu 2018.*

### 4. Tekjujöfnunarframlög 2018

#### Endurskoðuð úthlutun og uppgjör framlaganna

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að endurskoðuðum útreikningi og úthlutun framlaganna á grundvelli leiðréttrar skrár um skatttekjur sveitarfélaga.

Á fundi ráðgjafarnefndar 21. september sl. var lögð fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að áætlaðri úthlutun tekjujöfnunarframlaga á árinu 2018, sbr. 12. gr. reglugerðar, nr. 960/2010. Að teknu tilliti til ráðstöfunarfjármagns sjóðsins til greiðslu framlaganna er lagt til að framlög til sveitarfélaga verði hækkuð úr 95,63% í 95,69% af meðaltekjum í viðkomandi viðmiðunarflokki. Til úthlutunar kom framlag að fjárhæð 1.250,0 m.kr. og komu  $\frac{3}{4}$  hlutar framlagsins til greiðslu í október eða samtals 937,5 m.kr.

*Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til að tillagan væri tekin til greina og framlög til sveitarfélaga verði hækkuð upp í 95,69% af meðaltekjum í viðkomandi flokki. Með tilvísun til þessa verður heildarúthlutun framlaganna 1.250 m.kr. Eftirstöðvar framlagsins að fjárhæð 312,5 m.kr. koma til greiðslu fyrir áramótin.*

## 5. Útgjaldajöfnunarframlög 2018

### Endurskoðuð úthlutun og uppgjör framlaganna

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að endurskoðuðum útreikningi og uppgjör útgjaldajöfnunarframlaga fyrir árið 2018.

Á fundi ráðgjafarnefndarinnar 23. október 2018 samþykkti nefndin tillögu til ráðherra um endanleg útgjaldajöfnunarframlög ársins. Þar sem tekjuskerðing útgjaldajöfnunarframlaganna tekur mið af endanlegum útreiknuðum tekjum miðað við tekjujöfnunarframlög ársins var tillaga nú lögð fram aftur til umfjöllunar og afgreiðslu.

*Ráðgjafarnefndin samþykkti tillögu um úthlutun útgjaldajöfnunarframlags. Með tilvísun til þessa nema endanleg útgjaldajöfnunarframlög 10.100,0 m.kr., 9.350,0 m.kr. á grundvelli A-hluta og 750,0 m.kr. á grundvelli B-hluta*

### Viðbótarframlag vegna skólaaksturs 2018

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 17. desember 2018, ásamt yfirliti yfir framlög vegna skólaaksturs úr dreifbýli á grundvelli B-hluta 13. gr. rgl. nr. 960/2010.

Í yfirlitinu kemur fram að áætluð heildarframlög vegna skólaaksturs úr dreifbýli á grundvelli B-hluta 13. gr. rgl. nr. 960/2010 nema samtals 750 m.kr. á árinu 2018. Til úthlutunar koma samtals 575 m.kr. sem koma til greiðslu mánaðarlega með jöfnum greiðslum. Áætlað var að 175 m.kr. kæmu til úthlutunar á grundvelli umsókna frá sveitarfélögum sbr. b-lið 3. gr. vinnureglna frá 8. desember 2010, sem endurskoðaðar voru 11. desember 2012, vegna íþyngjandi kostnaðar við skólaakstur á árinu 2018 umfram framlög úr Jöfnunarsjóði þar að lútandi. Yfirlitið sýnir umsóknir sveitarfélaga um viðbótarframlag vegna skólaaksturs úr dreifbýli á árinu 2018 og eru helstu forsendur við útreikning framlaganna eftirfarandi:

- Kostnaður við skólaakstur úr dreifbýli á árinu 2018 umfram framlög úr Jöfnunarsjóði þar að lútandi.
- Skerðing framlaganna tekur mið af hámarkstekjum í hverju sveitarfélagi sbr. forsendur við útreikning endanlegra tekjujöfnunarframlaga árið 2018.
- Með breytingu á vinnureglum um úthlutun framlaga vegna skólaaksturs er Akureyrarkaupstað nú heimilt að sækja um framlag vegna skólagöngu nemenda úr

Grímsey er stunda nám í efri bekkjum grunnskólans á Akureyri, sbr. heimildarákvæði við b-lið 3. gr. vinnureglanna frá 11. desember 2012.

Umsóknir um viðbótarframlag eftir skerðingu eru að fjárhæð 259 m.kr. sem eru aðlagðar að fjármagni til ráðstöfunar. Með tilvísun til þess sem hér að framan greinir nemur áætlað viðbótarframlag vegna íþyngjandi kostnaðar sveitarfélaga við skólaakstur úr dreifbýli á árinu 2018 umfram tekjur úr Jöfnunarsjóði þar að lútandi samtals 175 m.kr. Heildarframlög vegna skólaaksturs 2018 nema því 750 m.kr.

*Ráðgjafarnefndin samþykkti tillögu að áætluðu viðbótarframlagi vegna skólaaksturs úr dreifbýli að fjárhæð 175 m.kr.*

## **6. Framlög vegna eflingar tónlistarfræðslu Framlög vegna 7. gr.**

Samþykkt var á síðasta fundi ráðgjafarnefndar áætluð framlög vegna nemenda sem þurfa að sækja tónlistarnám utan síns sveitarfélags fyrir skólaárið 2018-2019. Bolungarvíkurkaupstaður er með tvo nemendur sem eru í Tónlistarskóla Ísafjarðar og falla undir 7. gr. samkomulagsins en láðist að senda inn umsókn innan tiltekins umsóknarfrests. Óskað er eftir því að nefndin taki fyrir umsókn sveitarfélagsins þrátt fyrir að umsóknarfresturinn sé liðinn.

*Nefndin samþykkti umsókn frá Bolungarvíkurkaupstaði og verður því heildarframlag 6,5 m.kr fyrir skólaárið 2018-2019.*

## **Nýtt samkomulag um framlög vegna eflingar tónlistarfræðslu**

Lagt var fram til kynningar nýtt samkomulag um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms sem var undirritað 3. desember 2018. Samkomulagið byggir á gildandi samkomulagi frá 2016. Nýja samkomulagið mun taka gildi 1. janúar 2019 er til þriggja ár. Grunnfjárhæð framlags ríkisins er 545 m.kr. á ári og á móti taka sveitarfélög við tímabundnum verkefnum frá ríki sem nema um 230 m.kr. á ári.

## **7. Umsókn vegna sérstakra verkefna 11. gr. rgl. 960/2010 Umsókn frá Reykjavíkurborg**

Lögð var umsókn frá Reykjavíkurborg, dags. 31. október 2018, ásamt minnisblaði starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 18. desember 2018, þar sem sótt er um framlag á grundvelli 11. gr. rgl. nr. 960/2010.

Sótt er um framlag til að ráða millimenningarmiðlara (cultural brokers) til að vinna með flóttafólki svo unnt sé að veita stuðning og ráðgjöf í vinnu með flóttafólki sem býr í Reykjavík og við fagfólk hjá Reykjavíkurborg. Óskað er eftir 4 m.kr. framlag til að styrkja verkefnið.

*Að lokinni umræðu var ákveðið að fresta afgreiðslu málsins og óska eftir frekari útfærslu á verkefninu. Jafnframt þarfnast nánari útskýring á því hvernig verkefnið geti nýst öðrum sveitarfélögum.*

## **8. Sameining sveitarfélaga Austurland**

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 17. desember 2018, og umsókn frá samstarfsnefnd um framlag vegna könnunar á hagkvæmni til sameiningar á Austurlandi, dags. 17. desember 2018. Sótt er um framlag að fjárhæð 38 m.kr. á grundvelli 1. gr. reglugerðar nr. 295/2003

Sveitarstjórnir Borgarfjarðar eystri, Djúpavogshrepps, Fljótsdalshéraðs og Seyðisfjarðarkaupstaðar hafa skipað tólf manna samstarfsnefnd um sameiningu sveitarfélaganna í samræmi við 119. grein sveitarstjórnarlaga. Nefndin hefur hafið undirbúning að tillögu um sameiningu sveitarfélaganna og áætlað er að atkvæðisgreiðsla um tillöguna fari fram í lok október á næsta ári. Í umsókninni kemur jafnframt fram kostnaðaráætlun við verkefnið.

*Eftir umfjöllun nefndarinnar var samþykkt að veita framlag að fjárhæð 37.957.500 kr.*

### **Fjarðabyggð og Breiðdalshreppur**

Lagt var fram til kynningar áætlað greiðsluflæði vegna sameiningar Fjarðabyggðar og Breiðdalshrepps til ársins 2022. Einnig var farið yfir áfallinn kostnað á árinu 2018 vegna sameiningarinnar.

### **Sveitarfélagið Garður og Sandgerðisbær**

Lagt var fram til kynningar áætlað greiðsluflæði vegna sameiningar Sandgerðisbæjar og Sveitarfélagsins Garðs til ársins 2022. Einnig var farið yfir áfallinn kostnað á árinu 2018 vegna sameiningarinnar.

### **Yfirfærsla á málefnum fatlaðs fólks**

## **9. Sólheimar**

Hermann Sæmundsson, skrifstofustjóri í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, sat fundinn undir þessum lið. Hermann fór yfir stöðu mála ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs og fjallaði um rammatillögu vegna Sólheima sem verið er að leggja lokahönd á.

## **10. Lengd viðvera fatlaðra grunn- og framhaldsskólanemenda**

### **Tillaga að úthlutun framlaga 2018**

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að úthlutun framlaga vegna lengdra viðveru fatlaðra grunn- og framhaldsskólanemenda fyrir árið 2018.

Kostnaður vegna lengdrar viðveru fatlaðra grunnskólabarna í 5.-10. bekk og framhaldsskólanemenda fellur undir heildarfjárhagsramma vegna yfirfærslu á málefnum fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga. Greiðslurnar koma sem framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Fjármagn til ráðstöfunar nemur samtals 96.500.000 kr. á árinu 2018 og er gert ráð fyrir að 76.000.000 kr. komi til úthlutunar vegna lengdrar viðveru fatlaðra grunnskólanemenda og 20.500.000 kr. vegna lengdrar viðveru fatlaðra framhaldsskólanemenda. Fram kom að umsóknir hefðu borist vegna 252 fatlaðra grunnskólanemenda fyrir vorönn annars vegar og hins vegar 265 á haustönn 2018. Hvað framhaldsskólanemendur varðar voru umsóknir 90 á vorönn og 104 á haustönn. Samtals fjölgaði umsóknum vegna grunnskólanemenda um 58 vegna ársins 2018 en umsóknum vegna framhaldsskólanemenda fækkaði um fjórar.

*Nefndin samþykkir án athugasemda framlag að fjárhæð 96.500.000 kr. vegna lengdrar viðveru fatlaðra grunn- og framhaldsskólanemenda fyrir árið 2018.*

#### 11. Viðbótarframlög 2018

##### **Rekstrarniðurstaða í málaflokki fatlaðs fólks 2017**

Á síðasta fundi nefndarinnar var farið yfir rekstrarniðurstöðu hjá sveitarfélögum/þjónustusvæðum vegna málefna fatlaðs fólks á árinu 2017 og útreikninga á viðbótarframlagi. Í framhaldi af þeirri umræðu var lögð fram tillaga að ráðstöfun viðbótarframlaga til sveitarfélaga/þjónustusvæða byggt á rekstrarniðurstöðu.

*Tillaga að úthlutun viðbótarframlags fyrir árið 2018 að fjárhæð 155.000.000 kr. var samþykkt.*

#### 12. Umsókn um framlag vegna innleiðingar bjargráðskerfisins Björg

##### **Umsókn frá Reykjavíkurborg**

Lögð var fram til ákvörðunar umsókn frá Reykjavíkurborg, dags. 1. nóvember 2018, ásamt minnisblaði, dags. 18. desember 2018, varðandi framlag vegna innleiðingar bjargráðskerfisins Björg að fjárhæð 14 m.kr.

Fram kemur í umsókninni að verkefnið snúist um innleiðingu, þjálfun og eftirfylgni til stuðnings fötluðu fólki með skertan þroska og/eða geðræna erfiðleika sem þurfa stuðning til að stjórna hegðun sinni og tilfinningum. Aðferðin byggir á atferlismeðferð og hefur verið þróuð í Bandaríkjunum frá árinu 2005 með góðum árangri. Verkefnið sem ber heitið Bjargráðarkerfið Björg mun nýtast starfsfólki í málefnum fatlaðs fólks af öllu landinu.

*Að lokinni umræðu nefndarinnar var samþykkt að framlag að fjárhæð 14.000.000 kr. og voru nefndarmenn sammála um að verkefnið væri jákvætt og myndi nýtist öðrum sveitarfélögum til góðs.*

#### 13. Fasteignasjóður Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

##### **Umsókn frá Reykjavíkurborg vegna Klettaskóla**

Lagt var fram erindi Reykjavíkurborgar, dags. 1. des. 2018, þar sem sótt er um framlag úr Fasteignasjóði, ásamt greinargerð um kostnað við framkvæmdir, dags. 14. des. 2018, og minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 17. des. 2018.

Reykjavíkurborg sækir um framlag úr Fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs vegna uppbyggingar á Klettaskóla sem fela í sér byggingu sundlaugar, íþróttahús, frístunda og félagsþjónustu og endurskipulagningar á öllu skólahúsnæðinu. Umræða var í nefndinni hvort að kostnaður við kennslustofur ætti að vera tekin út fyrir sviga, eins og tillagan gerir ráð fyrir, þar sem sá kostnaður tilheyrir grunnskólum almennt. Rökin á móti voru að þetta væru sérhæfðar kennslustofur og ætti að taka tillit til þess.

*Nefndin ákveð að fresta afgreiðslu málsins og skoða málið betur.*

#### 14. Umsókn um framlag vegna innra eftirlits

##### **Reykjavíkurborg**

Lagt var fram umsókn Reykjavíkurborgar, dags. 10. desember 2018, ásamt minnisblaði þar af lútandi, dags. 10. desember 2018, þar sem sótt er um framlag á grundvelli 4. gr. reglugerðar nr. 320/2018 um framlög sjóðsins vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2018.

Sótt er um framlag vegna innri eftirlits á árinu 2018 í málaflokki fatlaðs fólks. Fram kemur í umsókninni að áætlaður kostnaður nemi samtals 2,6 m.kr. vegna úttekta á þjónustu í sértæku húsnæði velferðarsviðs fyrir fatlað fólk á árinu 2018.

*Eftir umfjöllun nefndarinnar var ákveðið að samþykkja umsókn Reykjavíkurborgar um framlag að fjárhæð 2.600.000 kr.*

#### 15. Önnur mál

Umræða var í nefndinni um að það þyrfti að setja á heimasíðu Jöfnunarsjóðs lykildagsetningar varðandi umsóknir og jafnvel tilkynningar þegar opnað hefur verið fyrir umsóknir.

Fundi slitið kl. 17:20

---

Guðný Sverrisdóttir

---

Ásgerður Gyldfadóttir

---

Birgir Björn Sigurjónsson

---

Bjarni Jónsson

---

Karen E. Halldórsdóttir

---

Sigríður Huld Jónsdóttir

---

Valdimar O. Hermannsson